

Ed.

796. Frumvarp til laga

[317. mál]

um breyting á sjómanna­lögum nr. 67 31. desember 1963, sbr. lög nr. 53 20. maí 1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

2. mgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum er ráðningu hans á skipi lýkur.

2. gr.

3. mgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur á hann rétt til óskerts kaups svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en 3 mánuði, ef um er að ræða stýrimann, vélstjóra, bryta eða loftskeytamann, eða 2 mánuði ef skipverji gegnir annarri stöðu á skipi.

Skipverji sem verið hefur í þjónustu sama útgerðarmanns í 2 ár eða lengur skal eiga rétt til óskertra launa í einn mánuð til viðbótar framansögðu.

3. gr.

Lög þessi öðlist þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögfestingu ýmissa félagslegra réttindamála verkalýðshreyfingarinnar verður að telja að m. a. hafi gerbylting orðið á rétti verkafólks til launa í veikinda- og slysatilfellum. Um sambærilegan rétt íslenskra sjómanna fer eftir sjómanna­lögum. Samkvæmt 18. gr. þeirra laga eiga yfirmenn rétt til 2ja mánaða launa í veikinda- og slysatilfellum á ráðningartímanum en undirmenn 1 mánaðar, þó aldrei lengur en skipverji hefur verið í þjónustu útgerðarmanns. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir 1 mánaðar lengingu á þessum rétti á fyrstu 2 árum ráðningarinnar, þ. e. allt að 3 mánuðum fyrir yfirmenn og 2 mánuðum fyrir undirmenn. Eftir tveggja ára starf er síðan gert ráð fyrir eins mánaðar aukningu á þessum rétti. Eftir 2ja ára starf eiga yfirmenn því rétt til allt að 4 mánaða launa í veikinda- og slysatilfellum en undirmenn 3ja mánaða. Eru tvímælalaust rök fyrir slíkri aukningu réttar við aukinn starfstíma hjá sama útgerðarmanni. Bæði er það í samræmi við það sem nú gildir um landverkafólk og hvetur með sama hætti til þess að sjómenn telji það þjóna hagsmunum sínum að ráða sig til lengri tíma. Þá er gert ráð fyrir því að niður falli úr 3. mgr. laganna það ákvæði að réttur til launa í veikinda- og slysatilfellum sé aldrei lengri en skipverji hefur verið í þjónustu útgerðarmanns. Réttur þessi til 2ja og 3ja mánaða eftir atvikum kemur því í hlut sjómanna þegar við upphaf ráðningar. Á það má benda að samkvæmt ný settum lögum um sambærilegan rétt landverkafólks á það rétt til allt að 3 mánaða launa vegna vinnuslysa eða atvinnusjúkdóma. Ekki eru nein rök fyrir því að íslenskir sjómenn sem starfa við erfiðar og hættulegar aðstæður búi við lakari rétt en landverkafólk.

Í frumvarpi þessu er ráð fyrir því gert að 2. mgr. 18. gr. laganna verði breytt á þann veg að skipverji eigi rétt á kaupum til loka ráðningar. Í nágildandi ákvæði segir, að skipverji taki kaup til þess dags og að honum meðtöldum er starfa hans á skipi ljúki eða ef hann er skráður úr skipsrúmi, þá til afskráningardags og að honum meðtöldum. Eins og alkunna er hafa útgerðarmenn víðast þann háttinn á til að draga úr kostnaði við tryggingar að afskrá hvert sinn er skip kemur til hafnar. Samfara því hefur sú tilhneiging þeirra farið vaxandi að telja sér ekki skylt að greiða laun að

lokinni afskráningu enda þótt á miðjum ráðningartíma sé. Þá eru talsverð brögð að því að reglur sjómannaalaga um rétt til launa í veikinda- og slysatilfellum séu brotnar í skjóli afskráningar, þ. e. að skipverjar séu á eigin ábyrgð og réttindalausir að lokinni afskráningu. Þar sem ætla má, að ákvæði 2. mgr. 18. gr. sjómannaalaga taki ekki mið af þróun þeirri sem orðið hefur í afskráningarmálum og að með henni hafi aldrei verið ætlunin að opna möguleika á að fara framhjá lögboðnum rétti skipverja sem ráðnir eru, er eðlilegt að gera breytingu þá á greininni sem frumvarpið felur í sér.

Frumvarp þetta er flutt af ósk sjómannasamtakanna.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarps þessa.*

Um 1.—3. gr.

Þarfnast ekki frekari skýringa.